

Mánudaginn 17. mars 1986.

Nr. 33/1984. **Ragnar Karlsson**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Valgerði Kristjánsdóttur og

Sveini Guðmundssyni f.h.

dánarbús Kristjáns Helga Sveinssonar

og Hagtryggingu hf.

(Ingólfur Hjartarson hdl.)

Skaðabætur. Bifreiðar. Eigin áhætta. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. febrúar 1984. Dómkröfur hans eru þær, að stefndu verði dæmd óskipt til að greiða 1.126.400,00 krónur með 34% ársvöxtum frá 20. ágúst 1981 til 1. nóvember 1982, 42% ársvöxtum frá þeim degi til stefnu-birtingardags 31. maí 1983, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 13. ágúst 1984, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 27. ágúst 1984, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september 1984, 25,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1984, 26% ársvöxtum frá þeim degi til 25. október 1984, 27,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1985, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. ágúst 1985, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1985, 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og síðan með hæstu dómvöxtum frá þeim degi, eins og þeir eru hverju sinni, til greiðsludags.

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði stað-

festur og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, mældist alkóhólmagn í blóði Kristjáns Helga Sveinssonar, ökumanns bifreiðarinnar R-70450, 1,65‰ og hafði „verið lækkandi“ samkvæmt vottorði Jóhannesar F. Skaftasonar, deildarstjóra alkóhóldeildar Rannsóknastofu í lyfjafræði, dags. 24. nóvember 1983.

Telja verður víst, að athugull maður og allsgáður hlyti að hafa tekið eftir ytri áfengisáhrifum á manni, er hafði svo mikið alkóhól í blóði sínu.

Með þessum áherslurökstuðningi en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, þykir rétt að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Bjarna K. Bjarnasonar og

Magnúsar Þ. Torfasonar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Áfrýjandi hefur hækkað kröfur sínar frá því er greinir í héraðsdómi án þess að skilyrðum 45. greinar laga nr. 75/1973 sé fullnægt.

Samkvæmt málflutningi hrukku eignir dánarbús Kristjáns Helga Sveinssonar aðeins fyrir útfararkostnaði. Er skiptum á dánarbúinu talið hafa verið lokið eftir fyrimælum 10. greinar skiptalaga nr. 3/1978. Verður að skilja málflutninginn þannig að stefndu Valgerður og Sveinn andmæli því ekki sem erfingjar Kristjáns Helga að þau eigi að svara til þeirrar fébótakröfu sem áfrýjandi kunni að teljast hafa átt í dánarbú Kristjáns Helga vegna sakar hans í ökuslysinu.

Áfrýjandi tók sér far í bifreið Kristjáns Helga ásamt fleira fólki eftir að áfrýjandi hitti hann fyrir utan veitingastaðinn Óðal. Áfrýjandi vissi að Kristján Helgi hafði verið á veitingastaðnum eins og hann sjálfur. Þeir höfðu þó ekki hist þar eða verið saman að áfeng-

isneyslu um kvöldið. Vínandamagn í blóði Kristjáns Helga reyndist það mikið við krufningu að ekki er ólíklegt að hann hafi borið merki um áfengisneyslu er áfrýjandi hitti hann. Sérfræðilegra álitsgerða hefur þó ekki verið aflað í málinu um það hvort telja megi þetta fullvíst. Verður ekki fyllt að áfrýjandi hafi hlotið að gera sér ljóst hvernig ástætt var um Kristján Helga þannig að hann hafi fyrirgert bótarétti, sem hann ella hefði átt, með því að taka sér sjálfviljugur far í bifreið hans.

Óvæfengt er að ökuslysið hafi hlotist af gálausum akstri öku-
manns. Bera stefndu því fébótaábyrgð gagnvart áfrýjanda vegna
meiðsla hans. Þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að þeirri
niðurstöðu að sýkna beri stefndu af kröfum áfrýjanda í málinu er
ekki þörf á að við fjöllum um bótakröfuna tölulega eða um upphæð
málskostnaðar sem við teljum að dæma beri þá til að greiða áfrýj-
anda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. janúar 1984.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi
20. desember sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu birtri 31. maí 1983
af Ragnari Karlssyni, nnr. 7173-4552, Bogahlið 16, Reykjavík, gegn Val-
gerði Kristjánsdóttur, nnr. 9122-2000, Kleppsvegi 74, Reykjavík, og Sveini
Guðmundssyni, nnr. 8743-4060, Viðimel 54, Reykjavík, fyrir hönd dánar-
bús Kristjáns Helga Sveinssonar, nnr. 5886-8310, síðast til heimilis að
Kleppsvegi 74, og Hagtryggingu hf., nnr. 3225-1138, Suðurlandsbraut 10,
Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu greiði in solidum skaðabætur
samtals að fjárhæð kr. 829.976,- með 34% ársvöxtum frá 20. ágúst 1981
til 1. nóvember 1982, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1983, en
með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar
samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum
frá dómsuppsögu.

Dómkröfur stefndu eru um sýknu af kröfum stefnanda og málskostnað
úr hans hendi en til vara um stórlega lækkun á stefnukröfum og niðurfell-
ingu málskostnaðar.

Sáttaumleitanir dómsins báru ekki árangur.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað til greiðslu bóta vegna meiðsla er hann
hlaut þegar bifreið, sem hann var farþegi í, fór út af veginum, skall á ljósa-
staur og fór veltur og hafnaði á hvolfi. Ökumaðurinn, Kristján Helgi
Sveinsson, lést og farþegarnir, þrír að tölu, slösuðust allir. Slysið varð um

kl. 01.50 aðfaranótt fimmtudagsins 20. ágúst 1981 á gamla Laufásveginum, skammt austan við Bifreiðastöð Íslands.

Stefndu, Valgerður og Sveinn, foreldrar Kristjáns heitins, fengu heimild til einkaskipta á dánarbúi hans hinn 3. september 1981.

Stefndi Hagtrygging hf. var ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar.

Stefnandi byggir kröfur sínar á hendur stefndu á því að ökumaður bifreiðarinnar, sem jafnframt hafi verið eigandi hennar, hafi valdið slysinu með ógætilegum akstri sínum. Hann hafi ekið alltof hratt og það sé orsök slyssins sem hann beri því ábyrgð á. Nánari aðdragandi hafi verið sá að stefnandi hafi farið í veitingahúsið Óðal við Austurvöll og dvalist þar. Er hann hafi yfirgefið staðinn að dansleiknum loknum um kl. 1 um nóttina hafi hann hitt tvo pílta, Kristján heitinn og félagi hans Guðmund Ásgeirsson. Kristján hafi boðist til að aka honum heim og einnig tveimur stúlkum sem þarna hafi slegist í hópinn, þeim Borghildi Magnúsdóttur og Stefaníu Þórarinsdóttur. Stefnandi hafi ekki þekkt neitt þeirra, en hann hafi verið ölvaður eftir dvöl sína á staðnum. Þau hafi farið yfir að bifreiðastæðum við Dómkirkjuna þar sem bifreið Kristjáns Helga var, Mercury Comet, tveggja (sic) dyra. Stefnandi hafi sest í aftursæti og Borghildur við hlið hans en Stefanía á milli ökumanns og kunningja hans Guðmundar í framsæti. Ekið hafi verið sem leið lá austur Hverfisgötu að Hótel Heklu (sem þá hét) við Rauðarárstíg þar sem Stefanía hafi yfirgefið bifreiðina. Þaðan hafi verið ekið áfram að gamla Laufásveginum og eftir honum í vesturátt til þess að fara að Umferðarmiðstöðinni og versla. Ökumaður hafi ekið bifreiðinni mjög hratt og við beygjuna á veginum skammt austan við Umferðarmiðstöðina hafi ökumaður misst vald á bifreiðinni, hún hafi farið út af veginum, skolið á ljósastaur, farið a.m.k. tvær veltur og hafnað á hvolfi. Klukkan 01.58 hafi lögreglunni borist tilkynning um bílveltu þessa og hafi lögreglumenn komið fljótlega á staðinn. Samkvæmt skýrslu þeirra hafi farþegar í aftursæti, þ.e. stefnandi og Borghildur, fljótlega náðst út úr henni og þegar fluttir á slysadeild með sjúkrabifreið sem komin var á staðinn. Ökumaðurinn og farþeginn í framsæti hafi legið fastklemmdir undir bifreiðinni, ökumaðurinn meðvitundarlaus. Farþegahúsið að mestu gengið saman, en með hjálp kranabifreiðar hafi tekist að ná hinum slösuðu út og voru allir þegar fluttir á slysadeild. Ökumaðurinn, Kristján Helgi, var látinn þegar þangað kom. Stefnandi höfuðkúpubrotnaði og úlnliðsbrotnaði og hefur frá því er slysið varð orðið mjög var svima og ógleði og ekkert getað unnið umfram venjulega dagvinnu. Ólafur Jónsson læknir hefur metið tímabundna örorku stefnanda 100% í fjóra og hálfan mánuð, 50% í fjóra mánuði og varanlega örorku 20%.

Stefnandi telur að ökumaður beri ábyrgð á tjóni sínu þar sem hann hafi valdið slysinu með gáleysislegum akstri með því að aka alltof hratt. Öku-

maðurinn hafi gerst brotlegur við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37., 1. og 2. mgr. og b- og d-liði 3. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Félagsábyrgð stefndu byggist á 1. og 3. mgr. 69. gr. og 2. mgr. 74. gr., sbr. 70. gr. sömu laga og 264. gr. laga nr. 19/1940.

Stefnandi mótmælir því alfarið að hann hafi tekið á sig áhættu með því að þiggja far í bifreiðinni þar sem ökumaðurinn hafi verið undir áhrifum áfengis við askturinn og að hann missi rétt sinn til bóta við það. Við krufningu á líki Kristjáns heitins hinn 21. ágúst 1981 hafi verið tekið blóð- og þvagsýni, og hafi verið gerðar á þeim mælingar á alkóhólinnihaldi í rannsóknarstofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Magn áfengis í blóði hafi mælst 1,65‰ og í þvagi 2,37‰. Stefnandi bendi á, að mælingar á reducerandi efnum í látnum manni gefi ekki nákvæmar upplýsingar um magn þeirra í blóði hans áður en hann lést. Hitt sé þó meira um vert að alls ekki hafi verið unnt að sjá það á Kristjáni heitnum að hann væri undir áhrifum áfengis og það hafa allir borið sem í bifreiðinni voru. Vitnið Stefania, sem aðeins lítillega hafi verið undir áhrifum áfengis, hafi margspurt hann hvort hann hafi verið búinn að smakka vín en hann hafi svarað því neitandi. Vitni þetta hafi hér fyrir dómi fullyrt að hún hafi ekki séð á honum að hann væri undir áhrifum og hún hafi talið sig alveg vissu um að hann væri ekki undir áhrifum. Fordæmi Hæstaréttar í dómum um áhættutöku, eins og stefndu beri fyrir sig í máli þessu, bendi til þess að reglur um áhættutöku og missi bóta vegna hennar séu á þá leið að farþeginn hafi haft vitneskju um hættuna. Þegar hann hins vegar gat ekki vitað um áhættuna þá hafi bótaábyrgð verið viðurkennd. Í máli þessu sé um það að ræða að stefnandi hafi ekki þekkt ökumanninn né neinn annan í bifreiðinni, hann hafi ekki séð áfengisáhrif á ökumanninum og enginn hafi séð slíkt og ökumaðurinn hafi svarað neitandi slíku aðspurður. Vitund hans sjálfs hafi ekki verið skýr vegna hans eigin ölvunarástands, en það skipti ekki höfuðmáli þar sem enginn, sem vitni hafi borið, hafi gert sér grein eða mátt gera sér grein fyrir því að ökumaðurinn hafi neytt áfengis. Engin ástæða sé heldur til að telja stefnanda „meðvaldan“ skv. 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga og lækka bætur til hans á þeim forsendum.

Stefndu styðja sýknukröfu sína þeim rökum að stefnandi hafi mátt gera ráð fyrir því að ökumaður bifreiðarinnar væri alls óhæfur til að aka henni, en hann hafi, þrátt fyrir að þetta hafi verið berlega komið í ljós með aksturslagi ökumannsins er bifreiðin stöðvaði við Hótel Heklu, setið áfram af frjálsum vilja í bifreiðinni og það gert á eigin áhættu og því fyrirgert rétti sínum til bóta. Vísa stefndu til 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og dóma Hæstaréttar 1969 bls. 180 og 1979 bls. 1080 og 1982 bls. 1941 og 1990.

Upplýst sé í málinu að orsakir slyssins hafi verið alltof hraður og gálaus

akstur ökumannsins, en í ljós hafi komið að hann hafi haft 1,65% alkóhólmagn í blóði. Samkvæmt 25. gr. umferðarlaga hafi ökumaðurinn verið óhæfur til að stjórna bifreið sinni vegna áfengisneyslu, en mörkin séu við 1,20%. Fyrir dómi hafi verið staðfest að ekki sé ástæða til að ætla annað en þetta áfengismagn, sem mælt hafi í sýnum, sem tekin voru við krufningu, sýni hið sama magn og var í blóði ökumannsins við andlátið, og hafi efasemdir stefnanda um þetta áfengismagn því ekki við rök að styðjast. Maður með 1,65% í blóði sé töluvert ölvaður, enda hafi stúlkurnar í bifreiðinni margspurt ökumanninn hvort hann væri undir áhrifum, en hann hafi svarað þeim fullyrðingum um að hann drykki ekki yfirleitt, væri „frelsaður“ og þvíumlíkt, sem vitað hafi verið að ekki væri alvarlega meint. Borghildur Magnúsdóttir, sem verið hafi farþegi í aftursæti við hlið stefnanda, hafi ekki komið fyrir dóm hér í bæjarþinginu, en við lögregluna hafi hún sagt þegar eftir slysið að bifreiðinni hafi verið ekið á ofsahraða vestur Laufásveginn og hana hafi grunað að ökumaður væri undir áhrifum áfengis við aksturinn þar sem hann hafi ekið mjög hratt og ógætilega. Hún hafi þó ekki merkt neina áfengislykt af honum og hann hafi svarað neitandi spurningum hennar um þetta. Hún hafi tekið fram að hún hafi sjálf verið ölvuð, og það hafi aðrir farþegar einnig borið.

Vitnið Stefanía hafi borið hjá lögreglu hinn 8. september 1981 að hún hafi hvorki getað merkt áfengisáhrif á Kristjáni Helga né Guðmundi, en hins vegar hafi stefnandi, Ragnar, verið undir áhrifum.

Vitnið Guðmundur hafi borið hjá lögreglu hinn 26. ágúst 1981 að Kristján Helgi hafi komið til hans um kl. 21 um kvöldið og þeir hafi farið að drekka erlendan bjór saman en farið síðan um kl. 23.30 á veitingahúsið Óðal í bifreið Kristjáns. Þeir hafi orðið viðskila í veitingahúsinu, og hann viti ekki hvort Kristján hafi eitthvað drukkið þarna eða ekki. Hann hafi ekki merkt nein áfengisáhrif á Kristjáni er þeir hafi farið að bifreiðinni að lokinni dvölinni í Óðali. Hér fyrir dómi hefur vitni þetta borið að það hafi sjálft verið undir áhrifum áfengis og sagt að það hafi verið „töluvert ölvaður“, og það hafi stefnandi verið einnig.

Stefnandi hafi sagt hjá lögreglunni hinn 26. ágúst 1981 að þegar hann hitti fólkið að loknum dansleiknum í Óðali hafi hann verið „lítilega undir áhrifum“ en hafi ekki getað merkt vín á Kristjáni eða Guðmundi, en stúlkurnar tvær hafi verið eitthvað undir áhrifum. Hér fyrir dómi hafi hann borið að hann hafi verið „drukkinn“ og að hann hafi engar grunsemdir haft um að ökumaðurinn væri undir áhrifum, en hann hafi ekki hugsað út í það sjálfur.

Stefndu benda á að framburðir þessir leiði í ljós að stefnandi hafi farið sjálfviljugur upp í bifreiðina hjá ökumanni sem hann hafi ekkert þekkt en hafi hitt ölvaður í vínveitingahúsi. Rætt hafi verið um að fara í „partí“

og bifreiðinni hafi verið ekið mjög hratt og gáleysislega. Farþegarnir hafi allir verið undir áhrifum áfengis og verið allir ódómbærir á áfengisáhrif hver hjá öðrum. Allt bendi þetta til þess að stefnandi, eins og aðrir farþegar, hafi vitað eða mátt vita að ökumaðurinn væri undir áhrifum áfengis, sem hann hafi sannarlega verið með 1,65‰ alkóhóls í blóði. Jafnvel þótt svo væri litið á að stefnandi hafi ekki mátt vita slíkt þegar í upphafi akstursins, þá hafi aksturslagið á leiðinni að Hótel Heklu átt að sýna þetta. Eftir að stefnandi hafi setið áfram í bifreiðinni þótt hann hafi getað yfirgefið hana hafi hann samþykkt áhættuna og þar með firrt sig bótarétti. Stefndu benda á að samkvæmt kenningum danska fræðimannsins Preben Lyngsø í riti hans *Færðselsansvar*, bls. 66, skipti áfengismagnið í blóði ökumannsins höfuðmáli, þegar tilvikið sé þannig, að farþeginn hefur sjálfur ekki verið vitni að undanfarandi áfengisneyslu ökumannsins eða haft yfirleitt vitneskju um hana. Þetta tengist þeirri almennu vitneskju, að meiri háttar áfengisáhrif komi fram á persónunni, lykt, gangi, tali og hátterni almennt.

Varakröfu sína um lækkun á bótum til stefnanda styðja stefndu með vísan til 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga. Þá sé á því byggt að komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að stefnandi hafi ekki vitað eða mátt vita um ölvun ökumanns bifreiðarinnar þá sé hann meðvaldur að tjóni sínu þar sem hann hafi ekki yfirgefið bifreiðina þrátt fyrir hinn gáleysislega akstursmáta ökumanns hennar. Auk þessa andmæli stefndu fjárhæð bótakröfunnar, bæði tjónsútreikningi og vaxtagrundvelli hans, útreikningi varðandi töpuð lífeyrissjóðsréttindi, miskasjónarmiða sé gætt í örorkumati, og einnig að ekki sé tekið tillit til hagræðis skattfrelsis bóta og eingreiðslu þeirra.

Niðurstaða:

Telja verður upplýst í máli þessu með framburði vitnisins Jóhannesar Finns Skaftasonar, lektors og deildarstjóra alkóhóldeildar Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði, að breytingar á áfengismagni frá andláti Kristjáns Helga Sveinssonar, ökumanns bifreiðarinnar, til mælinga á sýnum, hafi verið svo óverulegar að mælingarnar á alkóhólinnihaldi blóð- og þvagsýnanna segi hversu mikið alkóhól hafi verið í blóði Kristjáns heitins og þvagi þegar hann lést eftir slysið aðfaranótt 20. ágúst 1981. Magn alkóhóls í blóði Kristjáns var því 1,65‰ og var hann alls óhæfur til að stjórna bifreiðinni sökum áfengisneyslu, skv. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Farþegar þeir sem með honum í bifreiðinni voru, þ.e. félagi hans Guðmundur Ásgeirsson í framsæti, Borghildur Magnúsdóttir og stefnandi í aftursæti, sem öll slösuðust meira og minna, hafa borið að þau sjálf hafi verið undir áhrifum áfengis en ekki séð neitt á ökumanninum. Þó hafði

Guðmundur drukkið með honum erlendan bjór frá kl. 21 til 23.30 um kvöldið og farið með honum á vínveitingahúsið á eftir. Þar hittu þeir stefnanda, sem var ölvaður eftir dvöl sína í þessu vínveitingahúsi, og stúlkurnar tvær sem einnig höfðu þar neytt áfengis svo að á þeim sá.

Fljótlega í upphafi hinnar örlagaríku ökuferðar hóf ökumaðurinn svo hraðan akstur upp Hverfisgötu að stúlkurnar hótuðu að yfirgefa bifreiðina ef hann hægði ekki ferðina. Þá kveðst Borghildi hafa grunað að ökumaður væri undir áhrifum áfengis þótt hann neitaði því aðspurður. Hin stúlkann sem þá var í bifreiðinni, Stefanía Þórarinsdóttir, hefur borið að við þetta hafi gripið hana slík hræðsla að hún hafi ákveðið að halda ekki áfram í bifreiðinni og yfirgefa hana við Hótel Heklu. Hún hefur borið að hún hafi verið mjög ákveðin í því að yfirgefa bifreiðina þarna, og ekki látið undan beiðni vinkonu sinnar Borghildar að halda áfram með þeim.

Ökumaður bifreiðarinnar, Kristján Helgi Sveinsson, var fæddur 18. febrúar 1958, og var því 23 ára þegar hann lést. Svo ungur maður hlýtur að sýna þess ytri merki að hann hafi neytt svo mikils áfengis að hann hafi í blóði 1,65% alkóhol. Stefnandi vissi að ökumaðurinn hafði dvalist í vínveitingahúsinu, en þáði þó boð hans um að verða farþegi í bifreið hans þegar úr veitingahúsinu kom þótt hann þekkti hann ekkert og hefði aldrei hitt hann áður.

Upplýst er að ökumaðurinn hafi ekið mjög hratt og ógætilega upp Hverfisgötu og ekki dregið úr fyrr en stúlkurnar hótuðu að yfirgefa bifreiðina ef hann breytti ekki háttalagi sínu. Ekkert er í ljós leitt að stefnanda hafi fundist aksturslag ökumannsins aðfinnsluvert og að honum hafi þótt ástæða að yfirgefa bifreiðina. Þegar virt er lýsing stefnanda sjálfs á því hve ölvaður hann sjálfur var og lýsing vitnanna á því sama, verður að telja að vegna ölvunar hafi stefnandi haft svo skerta dómgreind og verið svo kærulaus að hann gerði sér ekki grein fyrir ástandi ökumannsins og hættu þeirri sem þarna var á ferðum sem hann hefði mátt sjá hefði hann verið betur fyrirkallaður. Ölvunarástand stefnanda dregur ekki úr ábyrgð hans á eigin gerðum. Af þessum sökum verður að telja, að stefnandi hafi setið áfram í bifreiðinni af fúsum vilja og gert það á eigin ábyrgð, eftir að ljóst mátti vera af aðstæðum öllum að ökumaðurinn hefði neytt svo mikils áfengis að hann væri óhæfur til að stjórna bifreiðinni. Þar með fyrirgerði stefnandi rétti sínum til bóta og getur ekki krafið stefndu um bætur. Ber því að taka sýknukröfu stefndu til greina, en rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn. Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna dómarans og sérstaks umfangs málsins.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Valgerður Kristjánsdóttir og Sveinn Guðmundsson f.h. dánarbús Kristjáns Helga Sveinssonar og Hagtrygging h.f., skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Ragnars Karlssonar, í máli þessu.

Málkostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 18. mars 1986.

Nr. 96/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Sumarliða Óskari Arnórssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 13. þ.m. er barst Hæstarétti næsta dag. Hann krefst þess aðallega að úrskurðurinn verði ómerktur, til vara að synjað verði um framlengingu gæsluvarðhalds, en til þrautavara að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Kröfu sína um ómerkingu reisir varnaraðili á því, 1) að úrskurðurinn hafi verið kveðinn upp eftir að gæsluvarðhaldstími hafi verið runninn út, 2) að málsmeðferð fyrir sakadómi hafi verið haldin annmörkum, þar sem réttargæslumanninum hafi verið synjað um aðgang að nýjum skjölum, 3) úrskurðurinn sé reistur á nýjum gögnum sem eigi hafi verið borin undir varnaraðila og 4) að dómari hafi átt að kanna sjálfstætt með yfirheyrslum og skýrslutökum, m.a. hjá lögreglumönnum og varnaraðila, hvernig rannsókn miðaði áfram.

Dómaranum bárust gögn málsins kl. 13:00 hinn 12. þ.m. Beiðni um framlengingu á gæsluvarðhaldi varnaraðila, er renna skyldi út